

Nd.

186. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta, þó þannig, að stækki meðalbúið (vísitölubúið) frá því, sem er, miðað við árið 1962—1963, þá skal reikna út þá fjárhæð, sem aukið framleiðslumagn búsins nemur. Miða skal við það verðlag landbúnaðarvara, sem í gildi er, þegar útreikningurinn fer fram. 25% af andvirði aukningar afurðamagns meðalbúsins skal bæta við kaup bóndans, og næsti verðlagsútreikningur miðist við, að bóndinn fái þá kauphækkun. Minnki afurðamagn meðalbús (vísitölubús), skal kaup bóndans lækka eftir sömu reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1963.

Greinargerð.

Í lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins eru ákvæði um, að verð landbúnaðarafurða skuli miðast við það, að bændur hafi svipaðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir. Í framkvæmd þýðir þetta, að bændur sem heild fá jafnmiklar tekjur, hvort sem þeir framleiða mikið eða lítið. Þeir, sem framleiða mikið, gera það á kostnað þeirra, sem hafa litla framleiðni. Þó að bændur framleiddu 25% minna en þeir gera nú, fengju þeir sama kaup samkvæmt þessum lögum, og þó að framleiðni þeirra væri 50% meiri, mundi kaup þeirra vera hið sama. Eigi framleiðni íslensks landbúnaðar að aukast og hagur bænda að batna, verður að breyta þessu þannig, að bændur njóti þess að einhverju leyti, ef þeir með aukinni tækni eða meiri vinnu-

afköstum framleiða meira. Eigi mundi það bæta hag sjávarútvegsins, ef sjómenn fengju jafnt kaup, hvort sem þeir fiskuðu mikið eða lítið. Þróun iðnaðarins mundi ekki aukast, ef iðnrekandinn fengi sömu laun án tillits til þess, hve mikil iðnþróunin væri. Slikt mundi valda áhugaleysi og kyrrstöðu. Sama lögmál gildir um landbúnaðinn. Hann getur ekki þróast eðlilega, ef þeir, sem við hann vinna, njóta ekki aukinnar tækni og vinnuafkasta á einhvern hátt.

Athugun hefur farið fram á því, hve miklar hreinar tekjur bænda voru á skattskrá 1960, og reyndust þær 64 þús. kr. eða 4 þús. minni en gert var ráð fyrir af framleiðsluráði. Árið 1962—1963 er kaup bóndans áætlað 94 þús. kr., en verður tæplega meira en 90 þús. kr. Þess ber að gæta, að hér eru innifalin vinnulaun konu, að svo miklu leyti sem hún vinnur að framleiðslunni. Hér er einnig talin með vinna barna, því að fæstir munu reikna börnum kaup fyrr en eftir 14 ára aldur. Er hér um eigin sök að ræða. Bændur eiga að reikna börnum eðlilegt og sanngjarnt kaup. Á þann hátt einan geta þeir fengið út, hve miklar tekjur eru af eigin vinnu. Vinni konur og börn í kaupstöðum, eru vinnulaun ekki færð á skattskrá heimilisföður. Framleiðsluráð reiknar með, að aðkeypt vinna vísitölubúsins nemi 13 946 kr., en launatekjur og aukabúgreinar (auk garðræktar) gefi 19 580 kr. Með öðrum orðum: bóndinn á að vinna algerlega einn fyrir búinu. Við vitum, að þetta er ekki hægt. Það er ógerlegt að reka bú án aðstoðar. Þess vegna er hér um ólaunaða vinnu konu og barna að ræða.

Hin mikla atvinna við sjávarafurðir í mörgum kaupstöðum s. l. 2 ár hefur að mestu leyti farið fram hjá bændum og fjölskyldum þeirra. Ég hygg, að þeir séu nú verr launaðir en flestir aðrir, þegar alls er gætt. Með óbreyttum afurðasölu-
lögum er og verður bændum haldið í fjárhagslegri spennitreyju. Ýmsum er að verða þetta ljóst. Einn líkti ástandinu við það að tína kartöflur í fötu í ákvæðisvinnu. Bóndinn eykur afköst sín eftir getu, en launin eru þau sömu að kveldi. Loks uppgötvar hann sannleikann. Um leið og hann eykur afköstin, stækkar fatan. Líkingin er snjöll. Það eru fleiri en þessi bóndi, sem skilja, að uppskeran er ekki í samræmi við erfiðni. Þeir, sem að landbúnaði vinna, verða að finna, að þeir njóta þess, ef vel er unnið. Með þessu frumvarpi er lagt til, að hagnaður af aukinni framleiðni skiptist að jöfnu milli framleiðanda og neytenda og bústærðin sé miðuð við árið 1962—63. Vitanlega má deila um hlutfallið og árið, sem við er miðað. En það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að bændur viti það og finni, að þeir njóti þess, ef þeir yrkja akur sinn vel.

Einyrkjabúskapur er að ýmsu leyti óhagkvæmur og óframkvæmanlegur nema fyrir þá, sem hafa óbilað vinnuþrek. Búin þurfa að stækka, svo að vélar og vinnuafli nýtist sem bezt. Til þess að það takist, þurfa tekjur að aukast í samræmi við stækkun búanna, svo að eðlilegt samræmi sé á milli uppskeru og erfiðis og bændur geti greitt börnum sínum hæfileg vinnulaun. Vera má, að einhver haldi því fram, að sé þessi lagabreyting samþykkt, verði kaup bænda hærra en annarra eftir nokkur ár. Reynist það, þá er ástæðan, að framleiðnin eykst. Bæði framleiðendur og neytendur njóta þá góðs af því. Ég álit auk þess sanngjarnt, eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að bændur hafi meira en meðallaun, ef einhverjir eiga að fást til að búa. Sjómaðurinn vinnur vel, en hann hefur þó oft 2—4 mánaða fri á ári. Skrifstofu- og verzlunarfólk hefur rifleg helgarfri og hóflegan vinnudag. Fjölskyldur bænda þurfa að vinna meira og minna alla daga ársins, hafa oft lengri vinnudag en almennt gerist og neita sér yfirleitt um alla óþarfa eyðslu. Tekjuafgangi, ef um hann er að ræða, er oftast varið til umbóta á jörðunum. Bændur eiga því skilið, að eðlilegt samband sé milli sáningar og uppskeru.

Það lætur nærri, að 50% af framleiðslukostnaði meðalbús séu rekstrarvörur og 50% vinna. Er því eðlilegt að miða við það hlutfall, þó að búin stækki. Það þarf meiri áburð, fullkomnari vélar og betri peningshús, ef framleiðslan á að aukast. Eigi aukin framleiðni að bæta hag neytenda og framleiðenda að jöfnu, ber því bændum að fá 25% af framleiðsluaukningu meðalbús í sinn hlut, og gagnstætt, ef framleiðslan minnkar.